

Mál nr. 66//2009

M og

vátryggingafélagið V vegna húsbyggjendatryggingar

Ágreiningur um tjón á sumarbústað í byggingu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24. febrúar 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16. mars 2009.

Málsatvik.

Þann 12. október 2008 var tilkynnt um tjón á sumarbústað í byggingu sem staðsettur er á lóð á X. Þegar eigendur hans komu á vettvang umræddan dag hafði sumarbústaðsins ekki verið vitjað síðan um miðjan ágúst. Af gögnum málsins má ráða að nokkuð tjón hafið orðið á loftplötum, gólfefni, milliveggjum og útveggjum, auk þess sem burðarvirki var blautt. Fyrir liggur að að sumarbústaðurinn var tryggður með húsbyggjendatryggingu hjá V sem innifelur fok- og óveðurstryggingu. Í skilmálum þeirrar tryggingar, nánar tiltekið gr. 21.1. kemur fram að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða vegna óveðurs. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 28,5 m/sek og gert er að skilyrði að mæling frá Veðurstofu Íslands sé lögð til grundvallar.

M telur að tjón hafi orðið á tímabilinu 17.-19. september 2008 og vísar máli sínu til stuðnings til vefsíðu Veðurstofunnar um slæmt veður á landinu á því tímabili, sem og upplýsinga frá nágrönnum um afleiðingar þess. M telur auk þess að mælingar Veðurstofunnar gefi ekki rétta mynd af því svæði sem sumarbústaðurinn er á.

V telur ósannað hvenær tjónið varð eða með hvaða hætti þar sem ekki var vitjað um hina vátryggðu eign á um tveggja mánaða tímabili á haustdögum. Auk þess vísar það til þess að fyrir liggi gögn frá Veðurstofu Íslands um vindmælingar á tilgreindu tímabili sem sýni að vindhraði hafi aldrei náð 28,5 m/sek.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki ljóst hvenær tjónsatburður varð. Skv. frásögn M var skilið við sumarbústaðinn um miðjan ágúst og var hans ekki vitjað fyrr en 12. október sama ár þegar tjón uppgötvaðist. Gögn málsins benda til þess að slæmt veður hafi verið á þessum slóðum á tímabilinu 17.-19. september en þó er ekki ljóst hvort tjónið varð á því tímabili eða smátt og smátt með öðrum hætti. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek á því tímabili sem talið er að tjón hafi orðið. Frásögn M um að veðurstöðvar Veðurstofu Íslands mæli ekki vindhraða með nákvæmum hætti m.v. staðsetningu sumarbústaðarins er ekki studd gögnum. Gildissvið fok- og óveðurstryggingarinnar byggir á gr. 21.1. í vátryggingarskilmálum tryggingarinnar og gerir ekki ráð fyrir því að annar mælikvarði sé notaður til mats á greiðsluskyldu. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram hvenær tjónið varð eða að vindhraði hafi þá náð umræddum 28,5 m/sek telst umrætt tjón falla utan gildissviðs húsbyggjendatryggingar.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr húsbyggjendatryggingu

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.